# Atvinnublaðið

Morgunblaðið mbl.is FINNA

atvinna@mbl.is • Sölufulltrúi • Berglind Guðrún Bergmann, berglindb@mbl.is, 569 1246


## Framkvæmdastjóri

Við leitum að öflugum framkvæmdastjóra í stjórnunar- og leiðtogastarf hjá Iðunni fræðslusetri. Leitað er að framsýnum einstaklingi sem hefur faglegan metnað, frumkvæði, forystuhæfileika, þekkingu á nýsköpun og framúrskarandi samskiptahæfni til að leiða 30 manna hóp starfsmanna. Framkvæmdastjóri sinnir daglegum rekstri Iðunnar og vinnur að framkvæmd stefnu félagsins.

**Helstu viðfangsefni og ábyrgð**

- Ábyrgð á daglegum rekstri félagsins
- Leiða sjálfbærnivegferð félagsins
- Ýta undir nýsköpun og leita að vaxtartækifærum
- Byggja upp sterkt tengslanet í iðngreinum
- Styðja við stjórnendur og annað starfsfólk og virkja þekkingu þeirra og innsæi
- Byggja upp teymisumhverfi
- Virk samskipti við ytri hagaðila eins og aðildarfélög, starfsfólk í iðngreinum, stjórnvöld í menntamálum, erlenda samstarfsaðila og fjölmiðla

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Iðn- og/eða háskólamenntun og reynsla sem nýtist í starfinu
- Leiðtogahæfni og geta til að skapa sterka liðsheild
- Brennandi áhugi á þróun þekkingar og færni í iðnaði
- Reynsla af rekstri og mannauðsstjórnun
- Geta til að miðla framgangi á gagnadrifinn hátt
- Framtíðarsýn og stefnumótandi hugsun
- Hæfni til að hafa jákvæð áhrif á forvitnis- og þróunarmenningu
- Skilningur og hæfni til að starfa samkvæmt lagalegum og siðferðilegum kröfum í anda sjálfbærni og gilda félagsins sem eru framsækni, virðing og fagmennska

IÐAN Fræðslusetur

Iðan er fræðslusetur í iðnaði og sinnir símenntun starfsmanna í bílgreinum, bygginga- og mannvirkjagreinum, málm- og véltæknigreinum, prent- og miðlunargreinum og matvæla- og veitingagreinum. Námsframboðið er fjölbreytt og í stöðugri þróun en markmið Iðunnar er að stuðla að framúrskarandi færni, framþróun og nýsköpun meðal starfsfólks í iðngreinum.

**Sótt er um starfið á hagvangur.is**

Umsóknarfrestur er til og með **28. apríl nk.**

Nánari upplýsingar um starfið veitir Sverrir Briem, **sverrir@hagvangur.is**.

hagvangur.is

HAGVANGUR


Við leiðum fólk saman

hagvangur.is

HAGVANGUR

# Tónlistarskóli Eyjafjarðar auglýsir spennandi stöður tónlistarkennara

**Trommukennari í 50-100% starfshlutfall**
Trommukennslan er að stærstum hluta kennsla nemenda á grunnskólaaldri.

**Tónmenntakennari í 50-100% starfshlutfall**
Kennsla í leikskólum og yngstu bekkjum grunnskóla á starfssvæði tónlistarskólans. Áhugasvið kennara og hæfni getur ráðið miklu um áherslur í kennslunni.

**Önnur hljóðfærakennsla**
Ýmislegt gæti verið í boði en skólanum hentar afar vel að viðkomandi kennarar geti kennt á fleiri en eitt hljóðfæri.

Umsækjendur skulu hafa tónlistarkennaramenntun eða aðra menntun sem nýtist í starfi.

Laun eru samkvæmt samningi FT og FÍH við Samband íslenskra sveitarfélaga.
Umsækjandi þarf að hafa bílpróf og bíl til umráða. Akstur greiddur samkvæmt kjarasamningi.

**Umsóknarfrestur er til 3. maí 2024**

**Verkefni kennara eru:**
- Að sinna kennslu sem hæfir áhugasviði og getu nemenda.
- Sinna kennslubundnum þáttum svo sem tónfundum, prófum, námsmati, skipulagi og öðru utanumhaldi.
- Full þátttaka í starfs- og endurmenntunaráætlun skólans og teymisvinnu
- Eiga í góðum samskiptum við nemendur, foreldra og samstarfsfólk.

Á Akureyri er alla helstu þjónustu að finna, tónleikahúsið Hof, starfandi sinfóníuhljómsveit og leikhús. Einstök náttúrufegurð og fjölbreytt aðstaða til útivistar.

Nánari upplýsingar: Guðlaugur Viktorsson, skólastjóri, te@krummi.is



# Konrektor

**Laus er til umsóknar staða konrektors við Menntaskólann í Reykjavík. Ráðið er í stöðuna frá 1. ágúst 2024 til fimm ára.**

**Helstu verkefni og ábyrgð**
- Konrektor er staðgengill rektors og vinnur með honum við daglega stjórn skólans
- Konrektor hefur umsjón með nemendaskráningu, námsferlum og mati á námi
- Konrektor hefur umsjón með gerð skólanámskrár
- Konrektor annast í samstarfi við aðra töflugerð og próftöflugerð

**Hæfniskröfur**
- Starfsheitið kennari (sbr. lög nr. 95/2019) og kennslureynsla á framhaldsskólastigi.
- Viðbótarmenntun í stjórnun er kostur.
- Reynsla eða þekking á skólaþróun og stjórnun er kostur.
- Góð leiðtoga- og samskiptahæfni.
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi.
- Kunnátta og reynsla af INNU er kostur.
- Þekking og reynsla af stjórnsýslu er kostur.
- Þekking á fjármálum og rekstri er æskileg.

**Frekari upplýsingar um starfið**
Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi sem fjármála- og efnahagsráðherra og Kennarasamband Íslands hafa gert.

Umsóknum skal skila rafrænt í gegnum Starfatorg (www.starfatorg.is) með tilheyrandi gögnum s.s. leyfisbréfi, ferilskrá, kynningarbréfi, prófskírteinum og öðrum upplýsingum sem umsækjanda þykir skipta máli við ákvörðun ráðningar.

Í samræmi við jafnréttisáætlun skólans er fólk af öllum kynjum hvatt til að sækja um starfið.

Umsóknir gilda í sex mánuði frá því að umsóknarfresti lýkur.

Athygli umsækjenda skal vakin á því að samkvæmt lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008 er ekki heimilt að ráða einstakling til starfa sem hlotið hefur dóm fyrir brot á XXII. kafla almennra hegningarlaga og því er beðið um sakavottorð áður en af ráðningu getur orðið.

Upplýsingar um skólann má finna á heimasíðu hans (www.mr.is)

Starfshlutfall er 100%

**Umsóknarfrestur er til og með 30.04.2024**

**Nánari upplýsingar veitir**
Sólveig Guðrún Hannesdóttir, solveigh@mr.is, sími 545 1900

# Mannauðsráðgjafi

Fjarðabyggð auglýsir eftir drífandi einstaklingi í starf mannauðsráðgjafa. Við leitum að öflugum liðsmanni sem hefur brennandi áhuga á mannauðsmálum og stöðugum umbótum.

Um er að ræða spennandi starf með áherslu á framþróun á umgjörð mannauðsmála, sem eflir og styrkir vinnustaði sveitarfélagsins. Mannauðsráðgjafi er hluti af teymi á nýju sviði mannauðs- og umbóta hjá Fjarðabyggð sem veitir m.a. ráðgjöf og fræðslu til stjórnenda og starfsfólks Fjarðabyggðar auk þess að sinna kjara- og umbótamálum. Ef þú hefur áhuga á spennandi og metnaðarfullu starfsumhverfi, með ríkan áhuga á að byggja upp góða liðsheild í nýju teymi þá er þetta starfið fyrir þig!

**Helstu verkefni:**
- Umsjón með þjónustu á sviði mannauðsmála til stjórnenda og starfsfólks.
- Ábyrgð á ráðgjöf, stuðningi og fræðsla til stjórnenda um mannauðsmál.
- Yfirumsjón með skipulagi fræðslu starfsmanna og starfsþróunarsamtala.
- Vinnur með jafnlaunavottun og jafnlaunagreiningu.
- Vinnur að vinnuvernd og öryggismálum.
- Umsjón með úrlausn mannauðsmála.
- Vinnur að árangursmælingum og könnunum.
- Vinnur úr og fylgir eftir úrbótum.
- Vinnur að mótun liðsheildar og góðrar vinnustaðamenningar þvert á sveitarfélagið.
- Umsjón með stjórnenda- og starfsmannahandbókum.

**Hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun Ba/Bs sem nýtist í starfi er áskilin.
- Nám í mannauðsstjórnun er æskileg.
- Reynsla af mannauðsmálum og ráðgjöf er áskilin.
- Þekking á kjarasamningum er æskileg.
- Reynsla af ráðningum innan opinberrar stjórnsýslu æskileg.
- Sjálfstæði, greiningarfærni og agað verklag.
- Áreiðanleiki, drifkraftur og umbóta- og lausnamiðuð hugsun.
- Frumkvæði, sjálfstæði, skipulagshæfni og metnaður til að ná árangri.
- Framúrskarandi hæfni í samskiptum.
- Færni í að leiða teymisstarf m.a. í umbótaverkefnum
- Mjög góð greiningar- og tölvukunnátta.
- Mjög góð íslensku- og enskukunnátta.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningum sveitarfélagsins við viðkomandi stéttarfélag. Öll kyn eru hvött til að sækja um stöðuna.

**Umsóknarfrestur er til og með 28. apríl** næstkomandi og æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Sótt er um starfið í gegnum heimasíðu Fjarðabyggðar www.fjardabyggd.is

Allar frekari upplýsingar veitir Þórður Vilberg Guðmundsson í síma 771 9213 eða á netfanginu thordur.v.gudmundsson@fjardabyggd.is

# Lausar stöður við Menntaskólann í Reykjavík

**Kennarar í stærðfræði** - 2 stöður 100%
**Kennari í efnafræði** - 75% afleysing í eitt ár
**Náms- og starfsráðgjafi** - 50-70% staða

Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi sem fjármála- og efnahagsráðherra og Kennarasamband Íslands hafa gert.

Umsóknum skal skilað rafrænt í gegnum Starfatorg (www.starfatorg.is) með tilheyrandi fylgigögnum, s.s. leyfisbréfi, ferilskrá, prófskírteinum og öðrum upplýsingum sem umsækjanda þykir skipta máli.

Í samræmi við jafnréttisáætlun skólans er fólk af öllum kynjum hvatt til að sækja um starfið.

Umsókn getur gilt í sex mánuði frá því að umsóknarfresti lýkur.

Vakin er athygli umsækjenda á að samkvæmt lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008 er ekki heimilt að ráða einstakling til starfa sem hlotið hefur dóm fyrir brot á XXII. kafla almennra hegningarlaga og því er beðið um sakavottorð áður en af ráðningu getur orðið.

Upplýsingar um skólann má finna á heimasíðu hans (www.mr.is).

**Umsóknarfrestur er til og með 30.04.2024**

**Nánari upplýsingar veitir**
Sólveig Guðrún Hannesdóttir, solveigh@mr.is

# Starfsmaður á skrifstofu

**Ferðafélag Akureyrar óskar eftir að ráða starfsmann á skrifstofu sína frá og með 1. júní 2024.**

**Um er að ræða fjölbreytt starf sem er tilvalið fyrir fólk sem hefur áhuga á útivist og ferðalögum.**

**Helstu verkefni:**
- Almenn skrifstofustörf
- Bókanir í skála og innheimta gistigjalda
- Upplýsingagjöf um ferðir, skála félagsins, aðstæður á fjallvegum o.fl.
- Umsjón með ferðum þ.e. auglýsingu, skráningu og brottför
- Samskipti við skálaverði og fararstjóra
- Annað sem til fellur

**Hæfniskröfur:**
- Menntun á sviði ferðaþjónustu eða reynsla af ferðaþjónustustörfum æskileg
- Reynsla af skrifstofustörfum æskileg
- Góð tölvukunnátta nauðsynleg
- Bókhaldskunnátta æskileg (FFA notar DK bókhaldskerfi)
- Góð samskiptahæfni mikilvæg
- Góð íslensku- og enskukunnátta skilyrði
- Þarf að geta unnið sjálfstætt og sýnt frumkvæði í starfi

Um er að ræða fullt starf frá 1. maí til 30. september og hálft starf frá 1. október til 30. apríl.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Þorgerður Sigurðardóttir, formaður í síma 692-6904. Umsækjendur sendi umsókn með upplýsingum um menntun, fyrri störf og meðmælendur á netfangið formadur@ffa.is.

Umsóknarfrestur er til 22. apríl næstkomandi.

mbl.is - Færir þér fréttirnar



## Deildarstjóri

Fasteignafélagið Íþaka ehf. leitar að deildarstjóra þróunar og framkvæmda. Viðkomandi þarf að hafa frumkvæði, metnað og kraft til að hrinda verkefnum í framkvæmd.

**Helstu verkefni og ábyrgð**

- Umsjón stærri framkvæmda og endurbóta
- Gerð og eftirfylgni tíma- og kostnaðaráætlana, verkefnastjórnun og kostnaðargát
- Þróun og uppbygging nýrra svæða, skipulag og viðskiptaáætlanir
- Framtíðarsýn félagsins, græn umgjörð, sjálfbær framtíð og umhverfisvottun fasteigna
- Önnur tilfallandi verkefni

ÍÞAKA
FASTEIGNAFÉLAG

Íþaka ehf. er fasteignafélag sem rekur og leigir út atvinnuhúsnæði, byggir upp lóðir og þróar lausnir til að mæta húsnæðisþörf fyrirtækja. Sjá nánar á ithaka.is.

**Sótt er um starfið á hagvangur.is**

Umsóknarfrestur er til og með **3. maí nk.**

Nánari upplýsingar um starfið veitir Stefanía Hildur Ásmundsdóttir, **stefania@hagvangur.is**.

hagvangur.is

HAGVANGUR

TBR

# Framkvæmdastjóri

*TBR var stofnað 1938. Á stefnuskrá félagsins er iðkun tennis og badminton og að glæða áhuga á þeim íþróttum. Félagar eru um 3.000 talsins. Félagið á tvö íþróttahús að Gnoðarvogi 1 sem eru einkum ætluð fyrir badminton. Í húsunum eru samtals 17 badmintonvellir, aðstaða fyrir borðtennis, leikfimi og heilsurækt ásamt félagsaðstöðu.*

*Á stefnuskrá félagsins er að reisa tennishús á lóð félagsins sem yrði fyrsta innanhúss aðstaða fyrir tennisíþróttina í Reykjavík.*

*Félagið er fjárhagslega sterkt og fært um að fylgja eftir metnaðarfullum markmiðum sínum um að byggja upp aðstöðu sína í Laugardalnum og stöðu félagsins sem leiðandi almennings- og keppnisíþróttafélag.*

*Badmintoníþróttin er ein vinsælasta almenningsíþrótt á Íslandi í dag og ber TBR mikla ábyrgð sem stærsta badmintonfélag landsins á útbreiðslu og nýliðun íþróttarinnar.*

Umsókn um starfið skal fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

**Umsjón með starfinu hafa Hilmar Garðar Hjaltason (hilmar@vinnvinn.is) og Margrét Stefánsdóttir (margret@vinnvinn.is).**

**Tennis- og badmintonfélag Reykjavíkur** (TBR) auglýsir eftir framkvæmdastjóra. Við leitum að drífandi stjórnanda til að leiða áframhaldandi uppbyggingu á starfsemi félagsins. Um er að ræða fjölbreytt og krefjandi starf þar sem reynir á framsýni, leiðtogahæfileika og metnað.

Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á daglegum rekstri og heyrir beint undir stjórn. Starfshlutfall er 100%.

**Starfssvið:**

- Dagleg starfsemi félagsins, rekstur og fjármál.
- Stefnumótun, gerð rekstraráætlana og eftirfylgni með þeim.
- Starfsmannahald, fjölbreytt samskipti við stjórn og félagsmenn.
- Yfirumsjón með viðburðum á vegum félagsins.
- Samskipti aðila innan íþróttahreyfingarinnar og opinbera aðila.
- Yfirumsjón með rekstri, uppbyggingu og viðhaldi fasteigna félagsins.

**Hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun og reynsla sem nýtist í starfi.
- Reynsla og þekking á rekstri og fjármálum.
- Góð samskiptahæfni og geta til að vinna í krefjandi umhverfi.
- Frumkvæði, metnaður, framsýni, sjálfstæði og leiðtogahæfni.
- Góð almenn tölvukunnátta.
- Mjög góð íslenskukunnátta og færni í ensku.

Við hvetjum öll áhugasöm, óháð kyni og uppruna, til að sækja um.

**Umsóknarfrestur er til og með 22. apríl nk.**

Sótt er um starfið á **www.vinnvinn.is**.

vinnvinn
RÁÐNINGAR \ RÁÐGJÖF




# Rekstrarstjóri þjónustustöðva Olís

**Olís óskar eftir að ráða áhugasaman og metnaðarfullan einstakling í starf rekstrarstjóra þjónustustöðva. Olís rekur yfir 20 þjónustustöðvar víðsvegar um landið og er rekstur þeirra fjölbreyttur. Starfi rekstrarstjóra fylgir ábyrgð á daglegum rekstri þjónustustöðva í góðri samvinnu við verslunarstjóra. Einnig mun rekstrarstjóri taka þátt í ýmsum krefjandi verkefnum sem miða að því að efla starfsemi Olís til lengri tíma. Rekstrarstjóri þjónustustöðva heyrir undir sviðsstjóra smásölusviðs.**

**Helstu verkefni**

- Daglegur rekstur þjónustustöðva og stuðningur við verslunarstjóra
- Þjálfun starfsfólks
- Uppsetning vaktaplana og mönnun þjónustustöðva
- Vöruframstilling og eftirfylgni með stöðlum
- Önnur tilfallandi verkefni

**Hjá Olís er lögð áhersla á góðan aðbúnað starfsfólks, uppbyggileg samskipti og fagleg vinnubrögð.**

**Hæfniskröfur**

- Haldbær reynsla af verslunarstjórnun er skilyrði
- Menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af stjórnun og mannaforráðum
- Leiðtogahæfileikar, frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- Góð íslensku- og enskukunnátta í ræðu og riti

**Sótt er um starfið í gegnum vefform 50skills með því að skanna QR kóðann hér að neðan. Umsóknarfrestur er til 17.apríl. Nánari upplýsingar veitir Thelma Björk Wilson thelma@olis.is.**

JAFNLAUNAVOTTUN 2022–2025

olís




# Atvinna

## Fáðu meira út úr þinni **atvinnuauglýsingu!**



Atvinnublað Morgunblaðsins kemur út **tvisvar í viku**. Á fimmtudögum í aldreifingu og í laugardagsblaðinu.

Þær birtast líka á atvinnuvef **mbl.is** og á **finna.is**. Aðeins er greitt eitt verð.

## Fjórir snertifletir – **eitt verð!**

1 **Morgunblaðið** fimmtudaga

2 **Morgunblaðið** laugardaga

3 **mbl.is** atvinna

4 **finna.is** atvinna

**110.000** manns, á aldrinum 18 til 80 ára, sjá Atvinnublað Morgunblaðsins í viku hverri (fimmtudag og laugardag).*

Mbl.is er með **2,2 milljón** flettinga á dag og **15,4 milljón** flettinga á viku.**

*Prentmiðlakönnun Gallup Q2 2023
**Topplisti Gallup í ágúst 2023




Morgunblaðið mbl.is FINNA

Þátttakandi í íslensku atvinnulífi í meira en 50 ár

hagvangur.is

HAGVANGUR




# Sérfræðingur í rannsóknateymi

Sérfræðingur óskast í fullt starf hjá Rannís. Starfið felur í sér umsjón með allt að þremur fagráðum Rannsóknasjóðs; með áherslu á fagráð raunvísinda og stærðfræði og fagráð verkfræði og tæknivísinda, auk umsjónar með öðrum innlendum sjóðum og alþjóðlegum verkefnum.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Meistarapróf á sviði raunvísinda eða verkfræði er áskilið en doktorspróf er kostur
- Reynsla af rannsóknum ásamt þekkingu á rannsóknaumhverfi er skilyrði
- Mjög góð kunnátta í íslensku og ensku bæði tal- og ritmáli
- Góð kunnátta í Norðurlandamáli er kostur
- Mjög góð færni í töflureikni er skilyrði ásamt færni í helstu Office forritum eða sambærilegu
- Mjög góð hæfni í greiningu og lausn vandamála er skilyrði
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð ásamt góðri samskiptafærni áskilin
- Metnaður til að ná árangri í starfi með því að sýna vönduð vinnubrögð, frumkvæði og veita góða þjónustu

**Nánari upplýsingar um starfið veitir** Sigurður Óli Sigurðsson, sviðsstjóri rannsókna- og nýsköpunarsviðs, í síma 515 5802 eða netfanginu sigurdur.o.sigurdsson@rannis.is.

**Umsóknarfrestur er til og með 2. maí 2024.**

Sækja skal um á vefsíðu Rannís, á **www.rannis.is/starfsemi/laus-storf/**. Þar er einnig að finna nánari upplýsingar um starfið. Umsókn skal fylgja ferilskrá, kynningarbréf og prófskírteini.

Við ráðningu í starfið er tekið mið af jafnréttisstefnu Rannís og er fólk af öllum kynjum hvatt til að sækja um. Laun greiðast samkvæmt viðeigandi kjarasamningi við fjármálaráðuneytið.

Rannís er líflegur vinnustaður með um 70 sérfræðingum sem starfa eftir gildum stofnunarinnar: Áhrif, fagmennska og samstarf. Hlutverk Rannís er að treysta stoðir íslensks samfélags með stuðningi við rannsóknir, nýsköpun, menntun og menningu og styðja þekkingarsamfélagið með rekstri samkeppnissjóða, aðstoð og kynningu á alþjóðlegum sóknarfærum og samstarfsmöguleikum. Rannís greinir og kynnir áhrif rannsókna, menntunar og menningar á þjóðarhag og þjónustar undirbúning vísinda- og tæknistefnu.

rannís
Borgartúni 30, 105 Reykjavík,
sími 515 5800, rannis@rannis.is
www.rannis.is

HNOTSKÓGUR grafísk hönnun



# Leikskólastjóri

## óskast við Leikskólann Undraland á Flúðum

Leitað er að metnaðarfullum einstaklingi sem býr yfir leiðtogahæfileikum og hefur reynslu og þekkingu á leikskólastarfi. Viðkomandi þarf að hafa brennandi áhuga á leikskólastarfi, skólaþróun, stjórnun og forystu. Um er að ræða framtíðarstarf í 100% starfshlutfalli.

**Helstu verkefni og ábyrgð**

- Veita skólanum faglega forystu og móta stefnu hans innan ramma laga og reglugerða og í samræmi við aðalnámskrá leikskóla.
- Leiða og bera ábyrgð á rekstri, þjónustu og daglegri starfsemi leikskólans.
- Hafa forystu um og bera ábyrgð á mannauðsmálum, s.s. ráðningum, vinnutilhögun og starfsþróun.
- Bera ábyrgð á og styðja samstarf í samræmi við farsældarlög.

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Leyfi til að nota starfsheitið kennari og kennslureynsla skilyrði.
- Reynsla af faglegri forystu á sviði kennslu og þróunar leikskólastarfs æskileg.
- Viðbótarmenntun í stjórnun er æskileg.
- Framúrskarandi færni í mannlegum samskiptum er skilyrði.

Umsókn skal fylgja yfirlit yfir nám og fyrri störf, afrit af leyfisbréfi ásamt kynningarbréfi með framtíðarsýn umsækjanda á skólastarfið.

**Umsóknarfrestur er til og með 29. apríl** og skal senda umsóknir á netfangið hruni@fludir.is

Laun eru samkvæmt samningi Sambands íslenskra sveitarfélaga við KÍ og FSL.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Aldís Hafsteinsdóttir, sveitarstjóri, í síma 480-6600 eða aldis@fludir.is.



Í leikskólanum Undralandi eru að jafnaði við nám 45-50 nemendur á þremur deildum.

Í Hrunamannahreppi er fjölbreytt og gott mannlíf þar sem tækifærin eru fjölmörg fyrir áhugasama og duglega einstaklinga. Í sveitarfélaginu búa um 935 manns og þar af eru um 500 á Flúðum. Á Flúðum er grunn-, leik- og tónlistarskóli, íþróttahús, bókasafn, sundlaug, líkamsrækt, verslanir og fjölbreytt afþreying.

Samgöngur í allar áttir eru góðar, helstu náttúruperlur landsins eru innan seilingar og svo segja margir að veðrið sé alltaf aðeins betra í Hrunamannahreppi – það er góður kostur!

**Frekari upplýsingar um sveitarfélagið má finna á www.fludir.is**




vinnvinn

Vinnvinn | Kringlan 7 | 103 Reykjavík
Sími 552 1212 | vinnvinn@vinnvinn.is | www.vinnvinn.is

RÁÐNINGAR \ RÁÐGJÖF

# Smáauglýsingar
569 1100 | www.mbl.is/smaaugl

## Húsviðhald

**Húsaviðgerðir**
**www.husco.is**
**Sími 555 1947**
**Gsm 894 0217**

FLÍSALAGNIR - MÚRVERK
FLOTUN - SANDSPARSL
MÁLUN - TRÉVERK

Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum

Tímavinna eða tilboð

**Strúctor byggingaþjónusta ehf.**
**S. 893 6994**

## Þjónusta

**SANDBLÁSTUR & MÁLUN**
**á stáli, tré o.fl.**
*Þú kemur til okkar eða við til þín*
www.BLASTUR.IS
*Blásum nýju lífi í hlutina*
**Verkstæði & verktakar**
**Helluhrauni 6, 220 Hfj.**
**S. 555-6005**

## Sumarhús



**Sumarhús –Heilsárshús**
**Gestahús –Breytingar**
- Framleiðum stórglæsileg sumarhús/heilsárshús í ýmsum stærðum.
- Tökum að okkur stækkun og breytingar á eldri húsum.
- Smíðum gestahús – margar útfærslur.
- Sjáum um almennt viðhald á sumarhúsum og sólpöllum.
- Setjum niður heita potta og smíðum palla og skjólveggi.

Áratugareynsla –
endilega kynnið ykkur málið.
**Trésmiðja Heimis, Þorlákshöfn, sími 892-3742 og 483-3693, www.tresmidjan.is**

## Bækur

**Bækur til sölu**

Töllatunguætt 1-4, Megas textar AB 1991 ártituð með kápu, Skarðsbók, MA stútentar 1-6, Járngerðastaðaætt 1-3, Reykjaætt 1-4, Strandamenn, Skákeinvígið 1972, mjög lítill skákblækningur Flórens 1901, Vestfirksar sagnir 1-4, Kvæði Eggert Ólafssonr 1832 , Marta María (Tove) 1932, Bergsætt 1-3, Fjölnir fimmta ár, Íslensk garðyrkjubók, Schubeler 1883, Lítil varningsbók Jón Sig, Líf og list, Annáll 19 aldar 1-4, Úr byggðum Borgarfjarðar 1-3, Óðinn 1-32, Sigurður Guðmundssin málari, Sérprent úr Þjóðólfi 1888, Sjö stjarnarn úr meyjarmerkinu, Svafár, Grímsnes 1-2, Innbundið í eina bók Kjarval, Grjót, Meira grjót, Enn grjót, Einn þáttur, Birtingur 1-2 1957, Diter Rot, spegillinn 1 -35 árgangur ob, Íslengkir sjávarhættir 1-5, Niðjatal Jóns prenst Þorvarðarssonar, Starfsemi sílarútvegsnefndar í 25 ár 1935-1959,

**Uppl. í síma 898 9475**

## Ýmislegt

STAFRÆN
**Framköllun**



SAMSKIPTI.is
prentlausnir fyrir skapandi fólk

**Inni og útiskilti**




SAMSKIPTI
prentlausnir fyrir skapandi fólk

**Sandblástursfilmur**



SAMSKIPTI
prentlausnir fyrir skapandi fólk

**Teikningaprentun**



SAMSKIPTI
prentlausnir fyrir skapandi fólk

**Sólarfilmur**



SAMSKIPTI
prentlausnir fyrir skapandi fólk

**Sálmaskrár**



SAMSKIPTI
prentlausnir fyrir skapandi fólk

**RollUp & BannerUp**




SAMSKIPTI
prentlausnir fyrir skapandi fólk

**Skönnun og ljósritun**



SAMSKIPTI
prentlausnir fyrir skapandi fólk




**Íslenskar handsmíðaðar barnaskeiðar**
Silfur táknar velsæld og góða heilsu enda er silfur verðmætt og sótthreinsandi efni. Silfurborðbúnaður, skart og fl.
**ERNA, Skipholti 3, s.552 0775, www.erna.is**

**Sálarrannsóknarfélag Reykjavíkur**
**Síðumúla 31**
**588 6060 og 894 4014**

Félagið býður uppá miðilseinkatíma fyrir félagsmenn og aðra. Ennfremur ráðgjöf um næmni og hugsanlega miðilshæfileika, söfnun dulrænna reynslusaga, ásókn o.fl o.fl.

Hjá félaginu starfar m.a. **Þórhallur Guðmundsson miðill.** - Einnig er möguleiki á að fá einkatíma í gegnum síma hvert á land sem er, sem og erlendis.

**Svörum í síma frá kl. 13-18 flesta daga ársins**

**SRFR.**

## Málarar

**Málarar**
Tökum að okkur öll almenn málningarverkefni við erum faglærðir málar með mikla reynslu. Sangjarnir í verðum. Hafið samband ísíma 782-4540 eða saebjornm@gmail.com

## Byggingar

**Byggingafyrirtæki**
**getur bætt við sig verkum**
**Uppslátt** á húsum og sökklum.
**Þakendurbætur**, tek niður pantanir fyrir næsta ár 2024, geri tilboð í verk.
**Stálgrindarhús**, geri tilboð, er í samstarfi við innflutningsaðila.
**Sumarhús**, breytingar eða byggja nýtt hús, geri tilboð.
**Nánari upplýsingar** , Bjössi smiður á google, s 893-5374
**nybyggd@gmail.com**

## Bílar



**Chrysler Pacifica Plug In Hybryd** 11/2017. Ekinn aðeins 85 þús. km. Hann er með 4 Isofix festingar fyrir barnastóla. Á þessum borgar maður bara 2 kr. á km. á rafmagninu sem dugar í flestan almennan akstur. Leðurklæddur luxus fjölskyldubíll sem er eins og draumur að ferðast í með fjölskylduna.
**Verð: 6.190.000,-**

SPARIbíll
**www.sparibill.is**
**Hátúni 6 A – sími 577 3344.**
**Opið kl. 10–18 virka daga.**

**HÖFÐABÍLAR**
... þar sem bílar seljast



**LAND ROVER RANGE ROVER EVOQUE SE. N**ýskráning 1/2019. Akstur 69 þ.km. Dísel. Sjálfskipting 9 gírar. Flott verð kr. 5.390.000 Verð áður 5.990.000 Raðnúmer 702866.



**LAND ROVER RANGE ROVER SPORT SE DYNAMIC.** Árgerð 2023. Akstur 15 þús. km. Bensín/Rafmagn. Verð kr. 20.900.000. Raðnúmer 363560. Mjög vel búinn bíll - Satín mattar 22" felgur ,svartur toppur. Seljandi skoðar skipti á ódýrari



**LAND ROVER RANGE ROVER SPORT HSE.** Árgerð 7/2017. Akstur 94 þ.km. Dísel. Flott verð kr. 7.690.000 Raðnúmer 793968. Fylgja með vetrardekk á 21" felgum. Seljandi skoðar skipti á ódýrari.

**Nánari upplýsingar veita Höfðabílar ehf. í síma 577-4747**
**Fosshálsi 27, Draghálsmegin**

## Verkfæri



**Stórútsala á armbandsúrum**-lagerhreinsun Vönduð og stórglæsileg -Pierre Lannier-armbandsúr frá Frakklandi, landi lista og fagurfræði. 25 - 50% aflsáttur! 2ja ára ábyrgð.
**ERNA Skipholti 3, www.erna.is**

## Til sölu




**LiFePO4 rafgeymar til sölu:**
12 volta 100 Ah kr. 94.845 m/vsk
12 volta 200 Ah kr. 165.981 m/vsk
12 volta 300 Ah kr. 248.886 m/vsk
**Nánari upplýsingar á LiTime.com og Youtube**



**Merbau pallaefni(mahogany) 21x145mm Verð tilboð**



**Bankirai** pallaefni(parket) 21x145mm Verð tilboð
**Cumaru** panill 10x90mm og pallaefni 21x90mm, 21x140mm
**Penofin** harðviðarolía 3,8 lítrar

**Indus ehf Óseyrarbraut 2 Hafnarf. opið 10-14 virka daga**
magnus@vidur.is
**gsm: 660 0230 Magnús**

## Hljóðfæri

**Gítarinn ehf.**
Stórhöfði 27
Sími 552 2125
www.gitarinn.is



**Hljómborð á tilboði**

Mikið úrval
Verð við allra hæfi

**Gítarinn ehf.**
Stórhöfði 27
Sími 552 2125
www.gitarinn.is



**Kassagítarar á tilboði**

Gítarar
í miklu úrvali
Verð við allra hæfi

## Bílar óskast

**VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN?**
Kaupum bíla 23-250 þús.
**Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og við höfum samband**




FINNA
ÍSLENSK FYRIRTÆKI OG ÞJÓNUSTA

# Raðauglýsingar

## Tilkynningar

### Auglýsing um skipulag Hafnarfjarðarbær

**Breyting á Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013 – 2025 og breyting á Deiliskipulagi vegna Þorlákstúns, skipulagslýsing**

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum 19.03.24 að auglýsa skipulagslýsingu í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga fyrir deiliskipulagsbreytingu Hvaleyrarholts suðausturs samhliða breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025. Í tillögunni er gert ráð fyrir að breyta skógræktar- og landgræðslusvæði (SL4) í íbúðabyggð (stækkun ÍB7) á Þorlákstúni með u. þ. b. 50 íbúðum.

Kynningartíminn er til **13.05.24** og má nálgast skipulagslýsingu á **skipulagsgatt.is**. Athugasemdum eða ábendingum skal skila rafrænt í gegnum skipulagsgátt Skipulagsstofnunar fyrir lok kynningartímans.

Ef óskað er frekari upplýsinga um tillögur í kynningu er hægt að senda fyrirspurn á netfangið: **skipulag@hafnarfjordur.is** eða hafa samband við þjónustuver Hafnarfjarðarbæjar í síma: 585-5500.

**Hafnarfjarðarbær**
bt. umhverfis- og skipulagssvið
Strandgötu 6
220 Hafnarfjörður

**hafnarfjordur.is**

Hafnarfjörður

mbl.is - Færir þér fréttirnar

# Raðauglýsingar

569 1100

## Tilkynningar

ALÞINGI

### Umsóknir

**um dvöl í íbúð fræðimanns í Kaupmannahöfn 2024-2025.**

Íbúð fræðimannsins í Kaupmannahöfn, skv. reglum um hús Jóns Sigurðssonar, er laus til afnota tímabilið 21. ágúst 2024 til 19. ágúst 2025.

Allar nánari upplýsingar og sérstök eyðublöð er að finna á heimasíðu Jónshúss: jonshus.dk (fræðimannsíbúð).

Umsóknir um íbúðina skulu hafa borist skrifstofu Alþingis eigi síðar en **þriðjudaginn 23. apríl nk.**

SNÆFELLSBÆR
*Þar sem jökulinn ber við loft...*

### Öxl, lýsing og matslýsing vegna fyrirhugaðs nýs deiliskipulags

Bæjarstjórn Snæfellsbæjar samþykkti lýsingu og matslýsingu á fundi sínum 8. febrúar 2024 fyrir gerð nýs deiliskipulags í landi Axlar vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar á svæðinu skv. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Svæðið sem deiliskipulagið nær til er 66 ha og eru innan þess verslunar- og þjónustureitirnir VÞ-27, VÞ-28 og VÞ-33 samkvæmt gildandi aðalskipulagi. Þar er nú íbúðarhús ásamt húsnæði sem nýtt eru undir þjónustu í formi 7 herbergja gistihúss og jógaiðkun. Í tillögunni er gert ráð fyrir nýjum byggingarreit undir húsnæði fyrir jógaiðkun austan megin við Axlarhól, innan VÞ-33. Húsgrunnur stendur vestast í húsþyrpingunni við Öxl en þar er áætlað að koma aftur fyrir frístundahúsi sem gæti nýst til útleigu fyrir ferðamenn.

Hægt er að skoða lýsinguna og matslýsinguna á skipulagsgátt Skipulagsstofnunar, www.skipulagsgatt.is undir málsnúmeri: 412/2024.

Umsagnaraðilum og þeim sem eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir og/eða umsagnir vegna lýsingar fyrirhugaðs deiliskipulags frá 18. apríl 2024 til og með 9. maí 2024. Athugasemdir skulu vera skriflegar og berast inn á **www.skipulagsgatt.is** á málsnúmer: 412/2024.

Hildigunnur Haraldsdóttir, arkitekt faí
Skipulagsfulltrúi Snæfellsbæjar




## Fundir/Mannfagnaðir

### Aðalfundur

**Landssambands sumarhúsaeigenda**

Verður haldinn, **mánudaginn 29. apríl** í SÍBS-húsinu, Borgartúni 28a, Reykjavík (jarðhæð), **kl. 18:00**.
Gestur fundarins er fulltrúi Símans sem fer yfir lausnir í fjarskiptum.

**Dagskrá:**
Venjuleg aðalfundarstörf

**Stjórnin.**

### Aðalfundur félags Sjálfstæðismanna í Bakka- og Stekkjahverfi

Aðalfundur Félags sjálfstæðismanna í Bakka- og Stekkjahverfi verður haldinn í félagsheimili Sjálfstæðismanna að Álfabakka 14a (Mjódd) föstudaginn 26. apríl næstkomandi kl. 17:30.

Gestur fundarins er Ragnhildur Alda María Vilhjálmsdóttir, borgarfulltrúi.

**Dagskrá:**
1. Skýrsla stjórnar.
2. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram til samþykktar.
3. Umræður um skýrslu og reikninga.
5. Lagabreytingar.
6. Kosning stjórnar og tveggja endurskoðenda.
7. Önnur mál.

**Stjórnin**

GRAFÍA

### AÐALFUNDUR 2024

Aðalfundur GRAFÍU verður haldinn mánudaginn 22. apríl 2024 kl. 17.00, á Stórhöfða 31, (gengið inn Grafarvogsmegin)

**DAGSKRÁ:**

1. Starfsskýrsla stjórnar og nefnda fyrir liðið starfsár.
2. Reikningar sjóða félagsins.
3. Stjórnarskipti
4. Kosning tveggja skoðunarmanna og tveggja til vara.
5. Kosning í fulltrúaráð Birtu lífeyrissjóðs.
6. Nefndarkosningar.
7. Önnir mál.

Reikningar, fundargerðir, tillögur um lagabreytingar og aðrar framkomnar tillögur liggja frammi á skrifstofu RSÍ/GRAFÍU á Stórhöfða 29-31 frá og með 12. apríl 2024

Stjórn Grafíu
Reykjavík, 15. apríl 2024

## Tilboð/útboð

### ÚTBOÐ

Nýr Landspítali

### Nýbygging Grensásdeildar Landspítala Háskólasjúkrahúss Uppsteypa og fullnaðarfrágangur utan- og innanhúss

**Útboð I4073**

Nýr Landspítali ohf. (NLSH) óskar eftir tilboði í útboðsverkið: Grensás - Uppsteypa og fullnaðarfrágangur utan- og innanhúss.

Reisa á nýbyggingu (4.400 $m^2$) vestan við núverandi húsnæði þar sem komið verður upp aðstöðu fyrir sjúkraþjálfun og iðjuþjálfun með tengingum við núverandi byggingar. Í nýbygginu verður einnig komið fyrir nýrri 19 rúma legudeild og aðstöðu fyrir sjúklinga, útisvæði og tómstundarými ásamt nýju eldhúsi og matstofu.

Verkefni þetta nær til burðarvirkja og fullnaðarfrágangs á ytra byrði og innanhúss.

Helstu verkþættir verkefnisins eru:
- Burðarvirki
- Frágangur utanhúss
- Frágangur innanhúss
- Lagnir
- Loftræsing
- Raflagnir

Hér er um almennt útboð að ræða eins og því er lýst í 2. gr. laga um opinber innkaup nr. 120/2016 (OIL). Fyrirspurnir varðandi útboðið skulu sendar rafrænt í gegnum útboðskerfið TendSign og verða svör birt þar.

Allar nánari upplýsingar um ferlið, útboðsskilmála, og önnur útboðsgögn er að finna gjaldfrjálst í útboðskerfinu á vefslóðinni https://tendsign.is/

**Sjá nánar á www.utbodsvefur.is og www.nlsh.is**

## Félagsstarf eldri borgara

**Árskógar 4** Smíðastofa með leiðbeinanda kl. 9-16. Gönguhópur kl. 10. Samvera með presti kl. 10:30. Handavinna kl. 12:30-16. Myndlist með Elsu kl. 13. Söngstund kl. 14:00 - 14:45 Bónusbíllinn, fer frá Árskógum 6-8 kl. 12:45. Líkamsræktarhornið opið. Hádegismatur kl. 11:30-12:30. Kaffisala kl. 14:45-15:30. Allir velkomnir óháð búsetu og aldri. Sími: 411-2600.
**Boðinn** Fimmtudagur 18. apríl: Bridge og Kanasta kl. 13. Sundlaugin opin til kl. 16.
**Dalbraut 18-20** Handavinnusamvera kl.9.30, söngstund hjá Baldri kl.14.
**Félagsmiðstöðin Hæðargarði 31** Kaffisopi og spjall kl. 8:30-11. Thai Chi kl. 9-10. Morgunleikfimi á RÚV kl. 9:45-10. Gæðastund með hannyrðir kl. 9-12. Morgunandakt kl. 10:00-10:30. Hádegismatur kl. 11:30-12:30. Myndlistarhópur Selmu kl. 13:00-15:45.
**Garðabær** 8.30 Pool-hópur í Jónshúsi 10. Ganga frá Jónshúsi 10. Qi-Gong í Sjálandssk. 11. Stóla-jóga í Sjálandssk. 13. Handavinnuhorn í Jónsh. 11.15 Boccia í Ásgarði 13.20-15.40 Kaffiveitingar í Jónshúsi
**Gerðuberg** Opin vinnustofa í Búkollulaut frá kl. 8:30, heitt á könnunni. Línudans kl.11:00 Bútasaumur kl. 13 - 16. Öll velkomin, óháð aldri og búsetu
**Gullsmári** Fimmtudagur: Opin handverksstofa kl. 9. Qi Gong hreyfing kl. 10:30. Bútasaumur/Kapitólur kl. 13:00. Jóga kl. 17.
**Hraunsel** Fimmtudaga: Billjard: Kl. 8-16. Dansleikfimi kl. 9. Qi Gong: Kl. 10.? Pílukast kl. 13. Alltaf heitt á könnunni í boði FEBH.
**Hvassaleiti 56-58** Morgunkaffi og spjall frá 8:30-10:30. Handavinna - opin vinnustofa 9-16. Stólaleikfimi kl. 10:30. Félagsvist kl. 13:10. Hádegismatur kl. 11:30 – 12:30, panta þarf fyrir hádegi deginum áður.
**Korpúlfar Borgir** Fimmtudagur: Tölvunámskeið kl. 9. Stólajóga með Gyðu Dís kl. 9. Styrktar og jafnvægisleikfimi kl. 10:15 og 11. Pútt á Korpúlfsstöðum kl. 10. Spilið Canasta fyrir byrjendur kl. 12:30 Bókmenntahópurinn fjallar um bókina Olnbogavík. Skákhópur Korpúlfa kl. 13, Tréútskurður á Korpúlfsstöðum kl:13. Sundleikfimi í Grafarvogslaug kl. 14.
**Samfélagshúsið Bólstaðarhlíð 43** Morgunkaffi 10. Vítamín í Valsheimilinu 10. Memmm fjölskyldustund 13 – 15. Samprjón 13– 14:30. Myndlist með Margréti 12:30 – 15:30. Bingó 13. Opið kaffihús 14:30 – 15:30, allir velkomnir.
**Samfélagshúsið Vitatorgi** Bókband í smiðju kl. 9-12:30. Opin handverksstofa kl. 9-10. Vítamín í Val - ókeypis líkamsþjálfun í Valsheimilinu að Hlíðarenda kl. 10-11. Kvikmyndasýning í setustofu kl. 12:45-14:30. Leysum þrautir; sudoku, krossgátur eða litum mandölur kl. 13:30. Prjónahópur í handverksstofu kl. 13-16. Opið hús á vegum Rauða krossins kl. 16-18.
**Samfélagshúsið Vitatorgi** Bókband í smiðju kl. 9-12:30. Opin handverksstofa kl. 9-10. Næringarfræðingur verður með fræðslu í Vítamín í Val í Valsheimilinu að Hlíðarenda kl. 10-11. (verið öll velkomin). Kvikmyndasýning í setustofu kl. 12:45-14:30. Leysum þrautir; sudoku, krossgátur eða litum mandölur kl. 13:30. Prjónahópur í handverksstofu kl. 13-16. Opið hús á vegum Rauða krossins kl. 16-18.
**Seltjarnarnes** Vatnsleikfimi í sundlauginni kl. 7.10. Kaffikrókur á Skólabraut kl. 9. Jóga/leikfiki á Skólabraut kl. 11. Bingó í salnum á Skólabraut kl. 13.30. Karlakaffi í safnaðarheimilinu kl. 14. Á morgun föstudag fara allir út að ganga. Farið frá Íþróttahúsinu kl. 10.30. Allir velkomnir í alla ofangreinda dagskrárliði óháð aldri og búsetu.

# Við erum í liði með Póstdreifingu

**8 vikna verkefni hjá Póstdreifingu er frábær fjáröflunarleið fyrir þitt íþróttalið.**

Krakkarnir bera út einu sinni í viku og hvert skipti tekur yfirleitt innan við klukkustund. Þannig efla þau liðsheildina með samvinnu og fá góða hreyfingu að auki.

Markviss, skemmtileg og árangursrík leið til þess að safna peningum.

Hver hópur safnaði á bilinu
**300.000–850.000**
krónum á 8 vikum

**Skráðu þinn hóp**




**Póstdreifing**